

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 4. apríl 2017 í máli nr. E-3901/2016:

Guðmundur Spartakus Ómarsson

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Sigmundi Erni Rúnarssyni

(Gunnar Ingi Jóhannsson hrl.)

I.

Mál þetta sem dómtekið var 9. mars sl., er höfðað 14. desember 2016 af Guðmundi Spartakusi Ómarssyni, Miðvangi 2 í Hafnarfirði, gegn Sigmundi Erni Rúnarssyni, Laufásvegi 8 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru í fyrsta lagi þær að eftirfarandi ummæli, sem birt voru á vefsvæðinu www.hringbraut.is, 15. janúar 2016, verði dæmd dauð og ómerk: „

- A. Guðmundur Spartakus Ómarsson sagður hátt settur í stórtækum eiturlyfjahring:
- B. Íslenskur eiturbarón í S-Ameríku?
- C. Fjölmíðlar í Paragvæ halda því fram að Íslendingur sé hátt settur innan eiturlyfjahirings í Suður-Ameríku.
- D. Samkvæmt frétt RÚV telur lögreglan í Brasilíu að Íslendingurinn smygli eiturlyfjum milli Evrópu og Suður-Ameríku.
- E. Hann sigli undir fölsku vegabréfsflaggi, þykist þýskur fasteignasali.
- F. Guðmundur Spartakus Ómarsson heitir hinn grunaði Íslendingur.
- G. Heldur fjölmíðillinn ABC í Paragvæ því fram að hann sé einn valdamesti maður eiturlyfjahirings sem smygli e-töflum og kókaíni milli Evrópu og S-Ameríku.
- H. Hann hafi ráðið burðardýr sem hafi flutt í einu tilviki 46.000 töflur.
- I. Þá hefur nafn Guðmundar verið tengt mannhvarfi þar sem Íslendingur týndist í S-Ameríku. Er hann sagður afar hættulegur ...“

Í öðru lagi krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 15. janúar 2016 til 25. ágúst 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist að hafnað verði kröfu um greiðslu miskabóta eða að dómkröfur verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar.

II.

Atvik málsins eru þau að 15. janúar 2016, birtist frétt á vefsvæðinu www.hringbraut.is, með fyrirsögninni *Guðmundur Spartakus Ómarsson sagður hátt settur í stórtækum eiturfjöhring ÍSLENSKUR EITURBARÓN Í S-AMERÍKU?*

Í fréttinni er því lýst nánar að fjölmiðlar í Paragvæ haldi því fram að Íslendingur sé hátt settur innan eiturfjöhringis í Suður-Ameríku og að Ríkisútvarpið hafi greint frá þessu. Samkvæmt frétt Ríkisútvarpsins telji lögreglan í Brasilíu að Íslendingurinn smygli eiturfjöhjum milli Evrópu og Suður-Ameríku. Hann sigli undir fölsku vegabréfsflaggi og þykist vera þýskur fasteignasali. Í fréttinni er síðan tiltekið að Guðmundur Spartakus Ómarsson sé hinn grunaði Íslendingur. Því næst segir í frétt Hringbrautar að fjölmiðillinn ABC í Paragvæ haldi því fram að Guðmundur sé einn valdamesti maður eiturfjöhringis sem smygli e-töflum og kókaíni milli Evrópu og Suður-Ameríku. Hann hafi ráðið burðardýr sem hafi flutt í einu tilviki 46.000 töflur. Burðardýrið, er sé kona, hafi nefnt Íslendinginn samkvæmt suðuramerískum fjölmiðlum. Þá segir að ekkert hafi spurst til Guðmundar í tvö ár eftir því sem fram hafi komið en DV segi þabba hans hafa heyrt í honum á Skype. Þá segir í frétt Hringbrautar að nafn Guðmundar hafi verið tengt mannhvarfi þar sem Íslendingur týndist í Suður-Ameríku. Þá er næst tiltekið í fréttinni að Guðmundur sé talinn afar hættulegur eftir því sem fram kemur í frétt Ríkisútvarpsins sem lesa megi í heild á vef ruv.is og eru gefnar nánari upplýsingar um slóð fréttarinnar <http://ruv.is/frett/islendingur-sagdur-valdamikill-dopsmyglari>.

Samkvæmt umfjöllun sem birt var á vef Ríkisútvarpsins 14. apríl 2013 kemur fram að lögregluþyröld á Íslandi óttist að Íslendingur sem leitað hafi verið að frá árinu 2013 sé látinn og að talið sé að hann hafi verið viðriðinn fíkniefnainnflutning þar í landi. Mannsins hafi verið leitað frá því annar Íslendingur, Friðrik Kristjánsson, hafi horfið á leið sinni frá Brasilíu til Paragvæ. Með fréttinni er birt mynd af vegabréfi stefnanda, sem birt var á paragvæska fjölmiðlinum ABC color, og segir í fréttinni að stefnandi hafi þá verið stöðvaður af lögreglu, nokkrum mánuðum eftir að leit að honum hófst. Með frétt Ríkisútvarpsins fylgir svohljóðandi athugasemd ritstjóra: „Daginn eftir að þessi frétt var birt á ruv.is kom faðir mannsins fram í fjölmiðlum og upplýsti að maðurinn er ekki látinn og hans sé ekki leitað.“

Í frétt Ríkisútvarpsins 11. janúar 2016, er sagt frá því að tveggja Íslendinga sé leitað í Suður-Ameríku. Íslenska lögreglan hafi með aðstoð Interpol, átt í samskiptum við lögregluþyrirvöld í Paragvæ vegna leitarinnar. Mennirnir séu báðir um þrítugt. Annar þeirra sé grunaður um að hafa unnið hinum mein, annað hvort í Paragvæ eða Brasilíu og að ekki sé vitað um afdrif þeirra. Segir í fréttinni að samkvæmt heimildum fréttastofu hafi mennirnir verið viðriðnir fíkniefnaviðskipti og verið staddir ytra af þeim sökum. Vitað sé að annar mannanna hafi dvalið um skeið í Brasilíu en af honum hafi frétt í Paragvæ fyrir nokkrum vikum. [...].

Hinn 14. janúar 2016 birtist á vefmiðli Ríkisútvarpsins frétt með fyrirsögninni *Íslendingur sagður valdamikill dópsmyglari*. Með umfjölluninni fylgir mynd af vegabréfi stefnanda sem tekin hafi verið frá fréttamiðlinum ABC color. Segir í frétt ríkisútvarpsins að Íslendingurinn Guðmundur Spartakus, sem ekkert hafi spurst til í rúm tvö ár, sé að sögn lögreglunnar í Paragvæ valdamikill eiturlyfjasmyglari með viðamikla starfsemi þar og í Brasilíu. Hann sé sagður notast við fölsk skilríki. Hann sé sagður þýskur fasteignasali sem stundi viðskipti í löndunum tveimur. Er í frétt ríkisútvarpsins vísað til greinar sem birst hafi í ABC color fréttamiðlinum í Paragvæ. Segir m.a. einnig í vefmiðli ríkisútvarpsins sem útvarpið kveðst hafa frá ABC fréttamiðlinum að íslenska lögreglan sé sögð leita Guðmundar í tengslum við hvarf annars Íslendinga sem síðast hafi sést í Paragvæ og að Guðmundur sé talinn viðriðinn hvarf hans og blaðið sé væntanlega að vísa til máls Friðriks Kristjánssonar sem ekkert hafi spurst til síðan í mars 2013. Segir að heimildarmenn blaðamanns ABC úr röðum fíkniefnalögreglunnar í Brasilíu segi Guðmund einn höfuðpauranna á bak við umfangsmikið smygl kókaíns frá Suður–Ameríku til Evrópu og e-taflna frá Evrópu til Suður-Ameríku. Smyglið farið í gegnum Brasilíu. Segir einnig að brasilíska lögreglumennirnir bendi á að þeir hafi handtekið Brasilíumenn og Íslendinga sem taldir séu burðardýr á vegum Guðmundar Spartakus sem smygla hafi átt til Evrópu. Þá kemur fram á vefmiðli ríkisútvarpsins, að í frétt ABC color fréttamiðilsins sé rifjað upp að í júlí 2015 hafi brasilíska lögreglan handtekið brasilíska stúlku sem búsett væri í Lissabon, á flugvöllinum í Rio de Janeiro og að í farangri hennar hafi fundist 46.000 e-pillur sem hún hafi átt að afhenda Brasilíumanni og Íslendingi. Í frétt Ríkisútvarpsins segir síðan að talið sé að „Guðmundur Spartakus sé einn höfuðpaura smyglhringsins sem teygir starfsemi sína til Salto del Guará, Concepción og brasilískra bæja við landamæri Brasilíu og Paragvæ“.

Aðrir fjölmiðlar á Íslandi fjölluðu einnig um málið, sbr. frétt sem birtist á vefmiðlinum visir.is 14. janúar 2016 og mbl.is 15. janúar 2016. Á vefmiðlinum visir.is 14. janúar 2016, er fjallað um stefnanda og umfjöllunin sögð byggð á fréttum sem birst hafi á ABC-fréttamiðlinum í Paragvæ með fyrirsögninni

„Íslendingur sagður valdamikill eiturfjasmýglari á Suður-Ameríku“. Með fréttinni er mynd af stefnanda. Í fréttinni segir m.a. svo: „Íslendingurinn Guðmundur Spartakus, sem lögreglan í Paragvæ hefur leitað að í um tvö ár, er sagður valdamikill eiturfjasmýglari með starfsemi í Brasilíu og Mexíkó. Hann er sagður ábyrgur fyrir flutningi kókaíns og e-taflna til Evrópu og Suður-Ameríku.“ Í frétt mbl.is 15. janúar 2016, er stefnandi nafngreindur og hann sagður valdamikill smýglari. Segir þar m.a. að stefnandi hafi verið í samskiptum við Friðrik Kristjánsson og að grunur leiki á að Guðmundur Spartakus „hafi gert honum mein“.

III.

I. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi reisir ómerkingarkröfu sína á því að í frétt Hringbrautar sé honum gefin að sök margvísleg háttsemi sem varði við almenn hegningarlög.

Í staflíðum A, B, C, D, G og H, í fyrri kröfulið stefnunnar, séu honum gefin að sök stórfelld fíkniefnabrot. Þá sé hann í staflíð E sakaður um að villa á sér heimildir og nota til þess falsað vegabréf, sem teljist skjalfals samkvæmt íslenskum lögum. Loks sé hann, í staflíð I, sakaður um að eiga aðild að mannhvarfi eða manndrápi og sagður afar hættulegur.

Stefnandi telur að í hinum stefndu ummælum felist ásökun um refsiverð brot sem eigi sér ekki stoð í raunveruleikanum og séu til þess fallin að meiða æru stefnanda.

Telur stefnandi ásakanir stefnda alvarlegar og þær settar fram án þess að stefnandi hafi verið ákærður eða dæmdur fyrir þau brot sem honum eru gefin að sök. Stefnandi sé ekki með sakarferil eins og sakavottorð sem lagt hefur verið fram beri með sér.

Hin umstefndu ummæli feli í sér ásökun um siðferðislega ámælisverða háttsemi er sé ósönnuð. Brot sem stefndi áskar stefnanda um að hafa framið séu svívirðileg að áliti almennings og varði allt að ævilöngu fangelsi ef sök er sönnuð.

Stefnandi telur öll ummæli stefnda ærumeiðandi aðdróttanir og fela í sér brot gegn 235. gr. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og því beri að ómerkja ummælin með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Þá sé birting og dreifing ærumeiðandi ummæla sjálfstætt brot.

Stefnandi telur að stefndi hafi vegið með alvarlegum hætti að æru hans. Stefndi hafi framið ólögmdæta meingerð gagnvart stefnanda sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á. Virðing stefnanda hafi borið hnekki sem og æra hans og persóna. Réttur stefnanda til æruverndar njóti verndar 71. gr. stjórnarskrár, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Krafa stefnanda um miskabætur er reist á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda

um að ræða skýr og ótvíræð brot á réttarreglum sem ætlað er að vernda æru stefnanda svo sem 235. gr. og 1. og 2. mgr. 236. gr. laga nr. 19/1940.

Þá vísar stefnandi til 73. gr. um tjáningarfrelsi stefnda, en það falli utan marka stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis þegar brotið sé gegn réttindum eða mannorði annarra manna.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi krefst sýknu og tekur fram að öll ummælin séu byggð á fréttum annarra fréttamiðla og séu nánast orðrétt höfð eftir því sem birt hafi verið annars staðar, t.d. frétt Ríkisútvarpsins. Tekið hafi verið fram í frétt Hringbrautar, að það sem birtist í fréttinni á Hringbraut hafi verið fullyrt í paragvæskum fjölmiðlum og á vef Ríkisútvarpsins. Telur stefndi þegar af þessari ástæðu að það beri að sýkna hann, enda hafi komið skýrt fram í frétt Hringbrautar að um væri að ræða upplýsingar frá öðrum miðlum.

Stefndi vísar til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu, þar sem lítið sé m.a. til þess hvort sá sem hafi ummæli eftir öðrum hafi fjarlægt sig frá ummælunum, þ.e.a.s. tekið fram að ummælin séu ekki hans, heldur höfð eftir öðrum. Í öðrum tilvikum hefur dómstóllinn jafnvel talið réttlætanleg að slíkt sé ekki gert. Vísar stefndi í þessu sambandi til dóms MDE nr. 38432/97, frá 29. mars 2001, Thoma g. Lúxemborg.

Stefndi byggir sýknukröfu sína einnig á því að hann hafi verið í góðri trú um að efnið sem hann birti væri rétt. Mannréttindadómstóllinn hafi lítið svo á að góða trú blaðamanns skuli meta út frá þeirri vitneskju og upplýsingum sem voru fjölmiðli aðgengilegar á þeim tíma sem umfjöllun birtist, sbr. dóm í máli Erlu Hlynsdóttur nr. 3. gegn Íslandi. Telur stefndi að þær upplýsingar sem hafi birst í paragvæskum fjölmiðlum og síðar á vef Ríkisútvarpsins hafi verið þess eðlis að það væri bæði réttur og skylda fjölmiðils að fjalla um þær. Stefndi tekur fram að paragvæskir fjölmiðlar hafi bæði nafngreint stefnanda og birt af honum myndir og af vegabréfi hans og tengt hann við að vera eiturlyfjasmyglari. Hafi stefndi ekki haft nokkra ástæðu til að efast um að umfjöllun erlendra miðla væri röng eða það sem birtist á vef Ríkisútvarpsins. Ummælin verði því ekki dæmd dauð og ómerk.

Stefndi reisir sýknukröfu sína einnig á því að engin hinna umstefndu ummæla séu röng. Í efnislegri umfjöllun Hringbrautar hafi ekki annað komið fram en það að í öðrum fjölmiðlum væri verið að fullyrða eitt og annað um stefnanda. Slík ummæli geti ekki verið röng. Hæstiréttur Íslands hafi í nýlegum dómum áréttað að ummæli sem þannig séu sett fram, þ.e.a.s. sem vísi til annarra ummæla og tilvísana er séu rétt, séu sönn ummæli og því ekki andlag ómerkingar.

Þá bendir stefndi á að stefnandi hafi ekkert gert til þess að koma á framfæri leiðréttingum eða skýringum, sérstaklega þegar honum sé ljóst að lögregla leiti hans.

Stefndi mótmælir miskabótakröfu stefnanda. Hann hafi ekki framið ólögsmæta meingerð gegn stefnanda með umfjöllun um hann, sbr. b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda hafi umfjöllunin ekki farið í bága við ákvæði 234., 235. eða 236. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á að umfjöllunin hafi skaðað hagsmuni hans, auk þess sem hann hafi verið þögull um málið. Hann hafi ekkert gert til þess að skýra mál sitt. Gera verði þá kröfu að stefnandi sanni að hann hafi orðið fyrir miska og í hverju hann sé fólgin og að háttsemi stefnda hafi verið saknæm. Engin tilraun hafi verið gerð til þess af stefnanda að sýna fram á ásetning stefnda um að skaða æru stefnanda eða að það hafi verið gert af slíku gáleysi að réttlæti greiðslu skaðabóta.

IV.

Eins og lýst er í kafla II. um málsatvik krefst stefnandi ómerkingar ummæla. Er sú krafa reist á 235. gr. og 2. mgr. 236. gr., sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Auk þess sem stefnandi telur að birting og dreifing ærumeiðandi ummæla sé sjálfstætt brot. Einnig krefst stefnandi greiðslu miskabóta með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi telur að með umfjöllun sinni hafi stefndi vegið með alvarlegum hætti að æru hans er njóti verndar samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Stefndi krefst sýknu og tekur fram að ummælin séu byggð á fréttum annarra fréttamiðla og séu nánast orðrétt höfð eftir því sem birt hafi verið annars staðar. Stefndi hafi fjarlægt sig frá ummælunum m.a. með því að geta þess að þau séu höfð eftir öðrum fjölmiðlum. Auk þess hafi stefndi verið í góðri trú um að efnið væri rétt. Þá séu engin hinna umstefndu ummæla röng. Þá mótmælir stefndi kröfu stefnanda um miskabætur.

Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eru allir frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að hver maður eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar, en að hann verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðanir og aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi megi þó aldrei í lög leiða. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins má tjáningarfrelsi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Þá er mælt fyrir um í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Verður því að skýra ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem mælir fyrir um ærumeiðingar

og brot gegn friðhelgi einkalífs, með hliðsjón af þessu.

Samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940 skal hver sá sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Í 235. gr. laga nr. 19/1940 er mælt fyrir um að ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varði það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Þá segir í 236. gr. laga nr. 19/1940 að sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varði það fangelsi allt að 2 árum og sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varði það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laganna má í meiðyrðamáli dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess sem misgert var við. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins má dæma þann sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.

Samkvæmt b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er heimilt að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.

Samkvæmt þessu þarf annars vegar að kanna hvort ummælin hafi verið óviðurkvæmileg og hins vegar hvort í þeim hafi falist ólögmæt meingerð gegn æru samkvæmt b-lið 26. gr. laga nr. 50/1993.

Ummæli þau sem birtust á vefmiðlinum Hringbraut.is verður að meta hver um sig og í heild. Meginatriðið er að vefmiðillinn lýsir grunsemdum lögreglu í Brasilíu um að stefnandi taki þátt í að smygla eiturfjóm, hann sé hættulegur og að nafn hans tengist hvarfi annars Íslending. Er ljóst að í umfjöllun stefnda og annarra fjölmiðla um stefnanda er kveðið fast að orði og látið liggja að refsiverðri háttsemi stefnanda.

Við úrlausn á því hvort stefndi hafi með ummælum sínum vegið að mannorði stefnanda með ólögmætum hætti með því að birta og dreifa ærumeiðandi ummælum um hann verður að líta til þess á hvern hátt hin umdeildu ummæli voru sett fram. Í frétt stefnda er gerð grein fyrir því að fréttin væri byggð á frétt Ríkisútvarpsins, fréttum sem birst höfðu á ruv.is, mbl.is og fréttum sem hafi verið birtar í fjölmiðli ABC color í Paragvæ.

Þegar stefndi birti ummæli þau sem krafist er ómerkingar á í máli þessu þann 15. janúar 2016, höfðu aðrir fjölmiðlar því fjallað efnislega um mál stefnanda. Telur dómurinn ljóst að umfjöllun stefnda sé efnislega hin sama um stefnanda og fram komi í frétt Ríkisútvarpsins 11. janúar 2016 og á vefmiðli útvarpsins þann 14. janúar s.á.

Við mat á því hvar draga skuli mörkin milli tjáningarfrelsis sem nýtur verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár, og friðhelgi einkalífs, sem varin er af 71. gr. hennar, skiptir máli hvort það efni sem birt er geti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu og eigi þannig erindi til almennings. Hafa fjölmiðlar mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Á almenningur rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni varða og þurfa sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir því að skerðing á frelsi fjölmiðla geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi eins og nánar kemur fram í dómum Hæstaréttar Íslands, m.a. dómi frá 15. nóvember 2012 í máli nr. 69/2012. Slíkar skerðingar geta eftir atvikum átt við séu ósönn ummæli birt eða borin út opinberlega gegn betri vitund. Umfjöllun stefnda um stefnanda fellur undir framangreint enda telst það hlutverk fjölmiðla að fjalla um alvarleg mál sem kunna að vera refsiverð.

Með umfjöllun sinni tók stefndi ekki sérstaka afstöðu til sannleiksgildis fréttanna. Með hliðsjón af því að hinar umdeildu staðhæfingar byggðu á frásögn annarra fjölmiðla, telur dómurinn, eins og atvikum er háttað í máli þessu, að ekki sé unnt að leggja þá skyldu á stefnda eða gagnrýna hann fyrir að grennslast ekki sérstaklega fyrir um sannleika hinna umdeildu staðhæfinga. Er ekki unnt að slá því föstu að stefndi hafi vitað að ummælin væru ósönn eða borin út opinberlega gegn betri vitund.

Þegar alls þessa er gætt verður ekki talið að stefndi hafi með umfjöllun sinni vegið svo að æru stefnanda að það hafi farið út fyrir mörk leyfilegrar tjáningar samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Af þessu leiðir að stefnandi geti ekki átt rétt á bótum samkvæmt b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 90/2003, er stefnandi dæmdur til að greiða stefnda, 650.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORD:

Stefndi, Sigmundur Ernir Rúnarsson, er sýknaður af kröfum stefnanda, Guðmundar Spartakusar Ómarssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 650.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)